



-Hólmur í mynni Laxárdals-

Leit að skála á bæjarstæði

Skýrsla VI (án skráa)

Viðauki: Intréssanta vaxtmakrofóssil har þátræffats í Hólmur.
Annika Söderlind



Bjarni F. Einarsson
2003

Forsíðumyndin sýnir vaðstein sem fannst ofan á langeldinum í skálanum
(Fnr. 73). Ljósmynd. BFE.

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
febrúar 2003.

Inngangur

Rannsóknin í Hólmi sumarið 2002 var beint framhald af rannsóknunum sumrin 1996 -1997 og 1999 - 2001. Þeim hafa verið gerð skil í skýrslum (Bjarni F. Einarsson 1996, 1998(a), 2000, 2001 og 2002) og grein í Skaftfellingi 1998 (Sami 1998(b)). Um aðdraganda rannsókna, umhverfi og sögu staðarins, er vísað í ofangreindar heimildir.

Allt frá því að eiginlegur uppgröftur hófst í Hólmi sumarið 1997 að undangenginni forrannsókn sumarið á undan, hefur leit að skálanum staðið yfir. Ekki hefur verið neinn vafi á því að mati undirritaðs að um bæjarstæði hafi verið að ræða og skáli því hlotið að standa þar einhversstaðar. Vandamálið er að ekki var hægt að sjá nákvæm form á yfirborði sem skáru úr um hvar hann stóð, aðeins var hægt að sjá að á svæðinu væru rústir. Nokkrum sinnum gerðist það að skálinn var talinn fundinn, en hann týndist jafnharðan. Leitin hefur aðalega átt sér stað í kring um Hús 1 - 4 með örfáum undantekningum, þ.e.a.s. með prufuholum. Síðustu daga rannsókna sumarið 2001 var gerð meðvitaðri gangskör í því að grafa prufuholur á víð og dreif um svæðið spölkorn frá aðal rannsóknarsvæðinu. Þannig var t.d. grafið mun neðar við Laxána ca. 400 m suður af rannsóknarsvæðinu (Prh. 10). Ein prufuhola var grafin ca. 40 m NV af aðal rannsóknarsvæðinu. Um þá prufuholu (Prh. 11) segir í skýrslu 2002.

Holan var 1 x 2 m stór og rúmlega einn metri á dýpt (Holan var L laga og armurinn til austurs var 0,5 m breiður). Staðsetning hennar var ca. 35 m NV af X 200 Y 200, en þar þótti ástæða til að kanna hvort ekki leyndist hús undir. Í ljós kom gólf og veggur húss (hús 5) sem gæti vel verið skálinn. Í húsinu fundust kljástear, þar af annar ófullgerður, eldsláttusteinn úr rauðum jaspis, járnkrókur og sérkennilega aflangur og vatnssorfinn steinn. Ófullgerði kljásteynninn (nr. 63) sem fannst í holunni minnti mikið á annan ófullgerðan kljásteyn (nr. 50), sem fannst í steinapýrpingu neðan við rofabakkann, rétt sunnan við lækinn. Hafði verið klappað öðru megin í þann fyrstefnda, en báðum megin í þann síðarnefnda, en götin ekki verið fullgerð (Bjarni F. Einarsson 2002:25).

Markmið rannsókna sumarið 2002 var einfalt, það var að finna skálann með fullri vissu. Til að flýta fyrir og auðvelda verkið var Fjölnir Torfason bóndi á Hala í Suðursveit fenginn til að grafa ofan af svæðinu í kring um Prh. 11 og á svæði vestan við Hólmslindarlækinn. Notaði hann til þess litla beltagröfu (Bobbycat).



Mynd 1. Hólmur í Nesjum, Austur-Skaftafellssýslu. Úr Uppdráttur Íslands. Blað 106. Landmælingar Íslands 2000.

Rannsóknirnar sumarið 2002 hófust þann 16. júlí og stóðu yfir í fjóra daga. Auk undirritaðs unnu við rannsóknirnar Kristján Mímisson fornleifafræðingur, Björn G. Arnarson safnvörður hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Fjölnir Torfason bóndi.


Styrktaraðilar rannsóknaða voru Menntamálaráðuneytið, Sveitarfélagið Hornafjörður, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Menningarsjóður Landsbanka Íslands, Þjóðhátíðarsjóður og Fornleifafræðistofan. Er öllum þessum aðilum færðar hinar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Vinnufélögum mínum vil ég þó færa sérstakar þakkir fyrir dugnað og áhuga venju samkvæmt.

Uppgröftur 2002

Notað var sama hæða- og hnitakerfi og áður og númer gripa var í beinu framhaldi af fyrri númerum. Sama á við um aðra lista eða skrár, svo sem ljósmyndir. Teknar voru litskyggjur og stafrænar myndir auk þess sem rannsóknin var kvikmynduð á stafrænan hátt.

Snið voru ekki teiknuð, en jarðlög eru í stórum dráttum eins og áður hefur komið fram sbr. myndir 10 - 12 og 14 í skýrslu (Ibid 1998(a)).

Á bæjarstæðinu var fyrst grafið 1997. Þá voru m.a. opnaðir þrír stærri reitir (reitir A - C), auk reitar D, prufuhola og leitarskurða. Samtals voru ca. 140 fermetrar opnaðir þá. Ekki náðist að klára reit C, en þar var komið niður á mikið manvistarlag og hluta af húsi (Ibid 1998(a):36). Sumarið þar á eftir var ákveðið að halda áfram með reit C þar sem frá var horfið og grafa út skurðinn sem lá til NA úr NA - horni reitarins. Einnig var ákveðið að opna nýjar prufuholur og leitarskurði (Ibid 2002). Það sem þá var opnað var klárað.



Mynd 2. Hið kannaða svæði og hluti skálans í Hólmi. Skálinn nær lítið eitt lengra til NA, en þar er hann eyddur. Hve langt til SV hann nær verður ekki sagt að svo stöddu. Það sem ekki er eytt af rofi er afar vel farið og fjöldi gripa er talsverður miðað við sambærilega skála hér á landi.

Eins og áður hefur komið fram voru taldar líkur á því að í Prh 11, sem grafin var á síðustu tveimur dögum rannsóknanna 2001, kynnu að vera vísbendingar um skálann. Prufuholan var ca. 35 - 40 m vestan við það svæði sem leitinn hafði einskorðast við fram að þessu.

Ekki var látum linnt fyrr en langeldur kæmi í ljós og það stóð heima. Þegar svo var komið var búið að róta upp talsvert miklum jarðvegi og því þótti vissara að grafa það sem opnað hafði verið til fulls eða því sem næst. Það tókst, en þó er gólfið ógrafið að mestu leyti, setin við A - vegg ógrafin að nokkru leyti og ekki hafa stoðarholur né langeldur verið skoðaðar í sniðum. Setin eru því ekki teiknuð inn á mynd 2 nema rétt við langeldinn (soðsteinarnir liggja utan í setinu).

Áður en að sjálf leitinn með beltagröfu hófst kom enskur doktorsnemi á staðinn (Tim Horseley) til að gera viðnáms- og segulmælingar. Hann fór yfir allt bæjarstæðið en árangurinn var enginn. Dýptin niður á mannvistarlögin reyndist of mikil fyrir þau tæki sem hann notaði.

Skálinn

Ekki er hægt að tilgreina lengd skálans enn sem komið er, en reikna má með því að hann sé ekki styttri en 15 m. NA - endi hans er eyddur vegna rofs. Breidd skálans er a.m.k. 5,7 - 5,8 m að utanmáli og 3,7 - 3,8 m að innanmáli. Þykkt veggja var um 1 m þar sem hún var greinanleg. Er það frekar lítið og líta ber á þessa tölu sem algert lágmark.

Stefna skálans er NA - SV, eða sama stefna og Laxárdalur. Slíkt er alltítt um víkingaaldarskála sem byggðir hafa verið í dölum og rannsakaðir hafa verið hér á landi (Hofstaðir í Mývatnssveit¹, Grelutóttir í Arnarfirði², Granastaðir á Eyjafjarðardal³, Ísleifsstaðir í Borgarfirði⁴ og Hali í Mývatnssveit⁵).

Langeldur

Fyrir miðju rannsóknarsvæðisins er langeldurinn, rétt um 0,6 - 0,74 m breiður og 1,4 m langur (mynd 3). Var hann greinilega afmarkaður frá gólfinu með niðurgreftri auk láréttra hellna og nokkurra lóðréttra við endimörk eldsins. SV - hluti langeldsins var þó rýrari á steina, en þar var þó greinilegur niðurgroftur. 0,4 m NA af langeldinum var hola sem var fyllt sama efni og var í langeldinum og í henni var ein sötug hella. Ekki er vitað um hlutverk þessarar holu, en hún gæti verið leifar af eldri langeld eða að

¹ Bruun og Jónsson 1909.

² Guðmundur Ólafsson. 1980.

³ Bjarni F. Einarsson 1995(a).

⁴ Stenberger 1943.

⁵ Bjarni F. Einarsson & Magnús Á. Sigurgeirsson 1995.



Mynd 3. Langeldurinn í skálanum í Hólmi. Ofan við hann má sjá hrúgu af soðsteinum og þar fyrir ofan gæti leynst stoðarhola. Rásin úr langeldinum t.h. var grafinn af okkur til að hleypa vatni úr eldinum. (Ljósm. BFE. Stafræn mynd nr. 194).

langeldurinn hafi náð svo langt á einhverjum stigum tilveru sinnar. Hefur hann þá verið 2,84 m langur hið minnsta sem er fullkomlega eðlilegt. Hallast ég að hinu síðarnefnda, enda ekkert annað sem benti til fleiri en einnar kynslóðar af mannvirki.

Stytttri útgáfan af langeldinum er nokkuð áþekk að stærð og langeldurinn í skálanum í Aðalstræti 18, en hann var 0,6 x 1,4 m stór (Nordahl 1988:31). Ekki er ólíklegt að hann hafi verið lengri. Langeldurinn í skálanum við Suðurgötu 3 - 5 var ca. 0,75 x 1,2 m stór (Ibid 1988:63). Þessi langeldur getur einnig hafa verið lengri. Að Grelutóttum, einum stysta skálanum sem rannsakaður hefur verið var langeldurinn 0,9 x 3,10 m stór í húsi sem var 5,4 x 13,5 m að innanmáli (Guðmundur Ólafsson 1980:28). Langeldar geta verið mun lengri, en stærð langeldanna virðist ekki vera í hlutfalli við stærð skálanna. Hugsanlega eru þeir í hlutfalli við rýmið sem þeir voru í, en öllum skálum var skipt niður í nokkur rými eða herbergi og var langeldurinn í miðju síns rýmis, en ekki endilega í miðjum skálanum.

Stoðarholur

Tvær stoðarholur fundust í gólfinu og voru báðar þeirra steinfóðraðar. Hugsanlega var ein stoðarhola rétt SA við langeldinn, gegnt stoðarholu 1, en það var ekki kannað til hlítar. Stoðarhola 1 var ca. 0,28 - 0,3 m í þvermál (steinfóðringin reiknuð með). Hún var ekki grafinn út. Stoðarhola 2 var ca. 0,4 - 0,6 m í þvermál (steinfóðringin reiknuð með) og hún var ekki heldur grafinn út. Þessar tölur segja ekkert um breidd stoðanna.



Mynd 4. Yfirlit yfir hið rannsakaða svæði skálans. Sjá má langeldinn fyrir miðri mynd og stéttina neðan við hann. Ef myndin prentast vel má sjá vegginn út við kanntinn t.h. og efnið (hreifið mold og fl.) í setinu vinstra megin við hann. (Horft til NA. Ljósm. BFE. Stafræn mynd nr. 206).

Að auki fundust allavega níu pinnaholur, tvær suðvestan við langeldinn, hinar við eða norðan við hann. Fjórar stoðarholanna voru í holu rétt sunnan við stoðarholu 2. Trúlega er þetta einungis dæld í gólfið, en ekki út grafin hola.

Bæjarhella

Í skurði sem grafinn var til SV lá gríðarlega mikil hella á ská í moldunum. Neðri hluti hennar var u.þ.b. við gólfið. Svo virðist sem við hana hafi verið átt á þann veg að hún hefur trúlega verið klöppuð lítilliga til á könnunum. Hellan er túlkuð sem bæjarhella, sem staðið hefur rétt innan við dyr á skálanum, annaðhvort mót NV eða eins og sennilegra er mót SA. Á mynd 4 má sjá að set virðist ekki hafa verið hægra megin við stéttina neðst á myndinni. Þetta gæti verið vísbending um að dyr hafi verið nálægt.

Stærð hellunnar hefur verið 0,5 m breið og 0,75 m löng (mæld á teikningu, en þar hallar henni ca. 45° og er hún því lengri í raun).



Mynd 5. Kljásteynn úr skálanum (Fnr. 81. Ljósm. BFE).



Mynd 6. Heibrýni úr skálanum (Fnr. 73. Ljósm. BFE).



Mynd 7. Snældusnúður úr skálanum (Fnr. 72. Ljósm. BFE).

Stétt

Í miðskipi skálans, suðvestur af langeldinum, voru hellur sem greinilega hafa verið lagðar í gólfið til að ganga á. Hella austan megin við stéttina gæti bent til þess að stéttin hafi sveigt á þessum slóðum að veggnum til austurs. Það er þá hugsanlega vísbending um dyr.

Gripir

Kljásteinar	10 + 2 = 12	Steinar	7
Naglar	5	Eldsláttusteinar	5 + 2 = 7
Hnoðnaglar	4	Skrautsteinar	4 + 1 = 5
Grýtur	4	Unnir steinar	2
Hamarshaus	1	Teinn/nagli	1
Flaga úr ópal	1	Flaga úr hrafntinnu	1
Flaga úr tinnu	1	Skífa	1
Kambur	1	Teinn/gjall	1
Lóð	1	Skeifa (ung)	1
Hnífur	1	Sívalningur	1
Snældusnúður	1 + 2 = 3	Gjall	1
Járnband með hnoði	1	Krókur	1
Kléberg	1	Brýni	0 + 6 = 6
Járn	0 + 1 = 1	Vaðsteinn	0 + 1 = 1
Hella (bökunarhella?)	0 + 1 = 1	Deigla	0 + 1 = 1

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda einstakra tegunda gripa, sem fundist hafa frá upphafi rannsókna á bæjarstæði Hólms. Feitletrað sýnir gripi fundna sumarið 2002. Ekki er tekið tillit til óvissu í tegundagreiningu. Lausafundir eru taldir með í töflunni.

Óhætt er að segja að fjöldi gripa sé mikill miðað við aðra fornbæi á Íslandi. Í Herjólfssdal t.d. (mun fleiri rústir rannsakaðar þar) fundust m.a. engir kljásteinar, þrír snældusnúðar, sjö brýni, auk klébergsbrota og mikils magns járnns af ýmsum toga (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989:25-33). Á Eiríksstöðum fundust engir gripir og fjöldi gripa í fornbæjunum í Þjórsárdal var mjög lítill (Stenberger 1943).

Gólf

Gólfið í skálanum var vel trampað og fullt av viðarkolum og brenndum beinum. Undir veggjum var gulhvítt gjóskulag, sem hefur sést um allt bæjarstæðið. Greinilegt er að gólfið hefur verið grafið í gegn um þetta gjóskulag (sbr. mynd 4). Hvort sem það var gert þegar skálinn var byggður eða að það séu afleiðingar af ágangi á gólfinu er ekki gott að segja, en fyrri hugmyndin virðist álitlegri. Varla hefur ágangurinn upp við vegginn verið svo mikill að hann hafi náð að má burtu gjóskulagið. Gjóskulag þetta er túlkað sem H3 (2900 BP).⁶

⁶ Sennilega hefur verið grafið innan úr skálanum áður en veggir voru reistir. Eins hefur jarðvegurinn undir veggjum verið sléttður áður en hann var byggður.

Þykkt gólfsins var ekki könnuð, en Prh. 11 sýndi að það var nokkrir sm út við vegginn. Rekja mátti gólfið inn í vestur-hliðarskipið í norðvestananverðum skálanum, en ekki var kannað hve langt það náði að austur vegg hússins og það var ekki heldur rakið til SV í skurðinum sem þar var (sem bæjarhellan var í). Gólfið er að mestu leyti ógrafið.

Ekki eitt einasta bein fannst í skálanum, aðeins mjög brenndar beinflísar eins og altítt er í gólfum skála. Athyglisvert er hve mörg brýni fundust þó ekki sé hægt að draga miklar ályktanir af þeim. Þó má álykta að stærð þeirra sumra bendi til þess að þau hafi verið til að brýna ljái. Eitt af brýnunum var heinbrýni með gati og heilt. Fannst það við Sth. 2.

Stærsti gripurinn sem fannst 2002 var vaðsteinn (sakka), en hann fannst ofan á langeldinum (sjá forsíðumynd). Er hann nokkuð líkur vaðsteini sem fannst í skála við Suðurgötu 3 - 5 (Nordahl 1988:88). Þar er steinninn kallaður draglód eða steinn til að loka hurðum. Ég fellst ekki á þá skýringu, enda eru steinar af þessari gerð þekktir erlendis sem vaðsteinar. Ekki er mér kunnugt um að vaðsteinn af þessari gerð hafi áður fundist í fornbæjum hérlandis, en í yngri bæjum hefur hann fundist áður.

Annar gripur frá bæjarstæðinu sem aðeins hefur fundist á einum öðrum stað á Íslandi er lód úr klébergi (Fnr. 27). Hún fannst sumarið 2001. Hinn staðurinn sem slík lód hefur fundist á er Aðalstræti 12 í Reykjavík (Bjarni F. Einarsson 1995(b):65-69). Lóðir þessar eru taldar hafa verið notaðar á djúpsævi. Á bæjarstæðinu og blóthúsinu fundust skífur, en svipaðar skífur hafa mér vitanlega ekki fundist annarstaðar áður nema á Ísleifsstöðum (Stenberger 1943:166), í Reykjavík, en þar voru þeir tveir (Nordahl 1988:69) og í Herjólfssdal (Margrét Hermanns-Auðardóttir (1989:26).

Talsvert magn brýna fannst einnig í Reykjavík og þar fannst einnig hamar sem svipar nokkuð til hamarsins úr Húsi 1 sem fannst árið 1997 (Bjarni F. Einarsson 1998(a)).


Veggir

Veggirnir í skálanum í Hólmi eru hlaðnir í streng eins og í Húsi 1 á staðnum, sem rannsakað var sumarið 1997. Einnig hafa fundist veggir úr hnaus (Hús 4) og áður óþekktri tækni, þ.e.a.s. þverstæðum streng (Hús 3). Hið meinta H3 lag sést í veggum skálans eins og í húsi 3 og 4.

Skipulag bæjarstæðis

Allt bendir til þess að skálinn hafi staðið nokkuð frá öðrum húsum eða um 35 - 40 m. Ekki eru til neinar heildarrannsóknir á landnáms-bæjarstæðum hér á landi enn sem komið er, en þó má sjá þessa tegund skipulags á Írskubúðum á Snæfellsnesi (Ibid 2000) þar sem ca. 65 m voru á milli skálans og aðal rústapýrpingarinnar. Þó voru minni hús dreifð um bæjarstæðið (allavega 8 hús á bæjarstæði Írskubúða auk seinni tíma rústa).

Ekki er hægt að segja með neinni vissu hvernig skipulag bæjarstæða hefur verið algengast hér á landi vegna skorts á rannsóknum, en ýmislegt bendir til þess að bæði bæjarstæði með húsum í einni þyrpingu (Hvítárholt⁷, Granastaðir⁸, Stöng⁹, Herljólfssdalur¹⁰) og hús með skála út af fyrir sig eins og í Hólmi (Írksubúðir, Grelutóttir(?)¹¹, Ísleifsstaðir¹²) hafi verið tiltölulega jafn algeng. Frekari rannsóknir þarf til að varpa skýrara ljósi á þetta, en munurinn á skipulagi gæti falist í mismunandi hugmyndafræði landnema Íslands.



Mynd 10. Horft frá skálanum að blótstaðnum. Ofan við blótstaðinn má sjá hinn mikla sjávarkamb er heitir Selhryggur eða Hryggur. (Horft til NA. Litskyggnur. Filma 15, mynd 33. Ljós. BFE).

⁷ Þór Magnússon 1973.

⁸ Bjarni F. Einarsson 1995(a).

⁹ Roussell, A. 1943.

¹⁰ Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989.

¹¹ Guðmundur Ólafsson 1980.

¹² Stenberger, M. 1943.

Niðurstæða

Nú er skálinn loksins fundinn, ca. 40 m frá þeim stað sem leitað hefur verið fram að þessu. Í lok rannsókna sumarið 2001 var talið líklegt að skálann væri að finna þar sem prufuhola 11 var grafin og reyndist það rétt.

Viðnáms- og segulmælingar á bæjarstæðinu reyndust gagnlausar og sýnir það okkur að stundum virkar tæknin ekki eins vel og hið mannlega auga og hyggjuvit.

NA - endi skálans er skaddaður og eyddur á kafla. Að öðru leyti er hann vel haldinn og óskemmdur af seinni tíma athöfnum.

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage. Reykjavík 1995(a).
- Ibid. Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993. Rannsóknarsaga, endurmat og landnám. Skýrslur Árbæjarsafns XLIX. Reykjavík 1995(b).
- Ibid. -Hólmur í mynni Laxárdals - Skýrsla yfir prufurannsóknir á fornbylinu Hólmur í mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu, 13. - 16. ágúst 1996. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík 1996.
- Ibid. (a) -Hólmur í mynni Laxárdals- II. Skýrsla yfir fornleifarannsókn á fornbylinu Hólmi og kumli í mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu, 26. júní t. o. m. 18. júlí 1997. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 1998.
- Ibid. (b) „Hólmur. Kumli og landnámsbær í mynni Laxárdals í Nesjum.“ Skaftafellingur. Þættir úr Austur-Skaftafellssýslu. 12. árgangur. Höfn 1998.
- Ibid. Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús undir [Selhrygg]. Skýrsla III. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2000.
- Ibid. Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús undir Selhryggnum. Skýrsla IV. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2001.
- Ibid. Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús og bæjarstæði undir Selhrygg. Skýrsla V. Viðauki: Vindás/Hof. Forn rúst á Steinadal í Suðursveit. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2002.
- Bjarni F. Einarsson & Magnús Á. Sigurgeirsson. Forkannanir á fornbylinu Hala í Hlíðardal í Þingeyjarsýslu 1994 - 1995. Frumskráning, frumteiknun, prufuholur og greining gjósku. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík 1995.
- Bruun, Daniel & Finnur Jónsson „Om hove og hovudgravninger på Island.“ Aarbøger for Nordisk Oldkyndighed og Historie 1909. Udgivet af det kongelige nordiske oldskrift-selskab. II. Række. 24 Bind. København 1909.
- Guðmundur Ólafsson. „Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð.“ Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1979. Reykjavík 1980.
- Íslenskt fornbréfasafn. Annað bindi 253 - 1350. Kaupmannahöfn 1893.
- Landnámabók Íslands. Einar Arnórsson bjó til prentunar. Reykjavík 1948.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir. Islands tidiga bosättning. Studier med utgångspunkt i merovingertida-vikingatida gårdslämningar i Herjólfssdalur, Vestmannaeyjar, Island. Reykjavík 1989.
- Nordahl, Else. Reykjavík from the archaeological point of view. Aun 12. Uppsala 1988.
- Roussell, Aage. „Stöng, Þjórsárdalur.“ Forntida gårdar i Island. Ed. M. Stenberger. København 1943.
- Stenberger, Mårten. „Ísleifsstaðir, Borgarfjarðarsýsla.“ Forntida gårdar i Island. Red. M. Stenberger. København 1943.

Sýslu og sóknarlýsingar. Skaftafellssýsla. Reykjavík 1997.
 Uppdráttur Íslands. Blað 106. Landmælingar Íslands 2000.
 Þór Magnússon. „Sögualdarbyggð í Hvítárholti.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1972.
 Reykjavík 1973.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Bæjarstæði fornbylisins Hólms í Laxárdal í Nesjum, A-Skaftafellssýslu.

Staðfræðikort og/eða önnur kort

Uppdráttur Íslands. Aðalkort. Blað 9 (E2n). Suðausturland. Landmælingar Íslands 1976.

Verkkaupandi/kostunaraðili

Menntamálaráðuneytið, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Sveitarfélagið Hornafjörður, Þjóðhátíðarsjóður, Menningarsjóður Landsbanka Íslands og Fornleifafræðistofan.

Ábyrgðaraðili:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

3. maí 2002.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Aðstoðarmenn:

Andreas Áhman fornleifafræðingur, Gautaborg. Verkstjóri.

Björn G. Arnarsson safnvörður.

Fjölur Torfason bóndi á Hala.

Forvarsla:

Ragnheiður Valdimarsdóttir, forvörður.

Rannsóknartími:

16. júlí - 19. júlí 2002.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Ca. 32 fermetrar og ca. 32 rúmmetrar.

Geymsla gagna:

Öll gögn verða geymd á Sýslusafni A-Skaftafellsýslu og Fornleifafræðistofunni þar til annað verður ákveðið.

Skýrsla hjá:

M.a. Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Hornafjarðarbæ, Fornleifavernd ríkisins, Þjóðarþóklöðunni og Fornleifafræðistofunni.

Skrár/viðauki (ekki með þessari skýrslu)

- | | | |
|----------|---|---------------|
| 1 | Niðurstaða microgreininga: „Intressanta växtmakrofossil har påträffats i Hólmur. Annika Söderlind. | bls 16 |
| 2 | Fundaskrá bæjarstæðis 1997 - 2002 | bls 19 |
| 3 | Ljósmyndaskrá, litskyggjur 2002 | bls 22 |
| 4 | Stafrænar ljósmyndir 2002 | bls 26 |

INTRESSANTA VÄXTMAKROFOSSIL HAR PÅTRÄFFATS I HÓLMUR

Inledning

Genom att göra växtmakrofossilanalyser går det att komma människorna mer in på livet och få reda på vad de odlade och livnärde sig på. De analyser som utförts är ännu inte helt klara men visar på flera intressanta detaljer. Några av resultaten har skapat nya frågor.

För att förstå hur vardagslivet såg ut för människorna i Hólmur är det intressant att få veta vad de åt, vad de odlade själva eller kanske importerade. För att kunna undersöka det görs bl.a. växtmakrofossilanalyser. De innebär att förkolnat material studeras. Förutsättningarna för att det ska finnas något att studera är att frön och andra växtrester bränns men inte fullständigt eftersom det då enbart skulle finnas aska kvar. Det blir slumpen som visar oss en del av de växter som fanns.

Provtagning

Jordprover är tagna på den del av gårdsplanen som grävdes under 2001. I varje ruta (rutsystemet indelat i meter) togs jordprover och mängden jord var i varje prov ca 20 liter varav 10 liter från kulturlagret och de resterande 10 litrarna från lagret ovan ca en decimeter ovan kulturlagret. I denna rapport görs ingen åtskillnad mellan dem. Ett jordprov innehöll endast två liter jord. Det jordprovet togs i ruta X 200, Y 208. På graven är jordprover tagna enbart i de tre kokgroparna och i hård två (X499, Y496). Jordprovsmängden från sistnämnda anläggning är 35 liter. Vid sållningen har en sikt med närmare 1 mm stora maskor används vilket är till undersökningens nackdel. Men en större mängd av frön ner till storlek av lite större än 0,5 mm har påträffats i de flesta proverna. Antagligen utgör de ett representativt urval av det som sållats bort men att antalet då inte är det rätta.

Resultat

På gårdsplanen har en större mängd tång (se fig.1) påträffats varav en identifierad som knöltång (*Ascophyllum nodosum*). Det är ett spännande resultat eftersom alger har använts på olika håll i världen och varit en viktig naturtillgång tidigt i historien. Knöltången tillhör gruppen brunalger som konsumerats av människor men har även utgjort stödfoder till kreatur. Enligt Gustavsson är alger lätta att tillreda och äta. Algerna är energifattiga och det är svårt för människor och djur att tillgodogöra sig all deras näring men de utgör ändå ett viktigt tillskott i födan. Alger har även använts till medicinskt bruk och till jordförbättring vid odling. Nu är det enbart en art som är identifierad i Hólmur och det går inte med säkerhet att fastställa vad den använts till. Fler jämförelser med liknade gårdar från samma tidsperiod behövs för att kunna dra några slutsatser.



Figur 1. Det har påträffats en större mängd bitar av tång på gårdsplanen. Många av bitarna tillhör gruppen knöltång. Tångbitarna på bilden är inte identifierade. Skallstreck i mm. (Söderlind).

På samma yta som tången har det även påträffats sädeskorn (se fig. 3), två troliga vetekorn (*Triticum*). De är lite mindre i storleken än andra vetekorn. Kanske är det för att de är odlade i ett nordligare klimat än de vetekorn de har jämförts med. Jämförelser behövs med andra vetekorn från Island men även från andra tänkbara platser som exempelvis Nordnorge. Det är inte osannolikt att de kan vara importerade.

De två fynden av troligt vete är inte de enda sädeskornen påträffade på gårdsplanen och platsen. Vid graven har i det andra lagret i kokgrop tre (Seyður 3) gjorts betydelsefulla fynd av sädesslag (se även tabell). De visade sig vara två stycken skalkorn (*Hordeum vulgare* sp.), fyra stycken korn (*Hordeum* sp.) (se fig. 4), fyra stycken sädeskorn ej identifierade (*Ceralia* in det.), ett fragment av ett sädeskorn (*Ceralia*), flertal gräsfrön (*Carex* spp.) (se fig. 2) och ett flertal olika frön av halvgräs (*Cyperaceae*). Vidare analyser får svara på vad förekomsten av dessa frön betyder.



Figur 2. Några av de vanliga gräsfrön (*Carex* spp.) och halvgräsfrön (*Cyperaceae*) som påträffats i många av jordproverna. Skallstreck i mm. (Söderlind).



Figur 3. De två troliga vetekornen (*Triticum*). Skallstreck i mm. (Söderlind).



Figur 4. De två skalkornen (*Hordeum vulgare* sp.) till vänster och till höger om dem är de fyra andra påträffade kornen (*Hordeum* sp.). Skallstreck i mm. (Söderlind).

Tabell

Tabellen visar de växtmakrofossil som påträffades i kokgrop tre i lager två (seyður 3, lager 2).

VÄXTMAKROFOSSIL	ANTAL
<i>Hordeum vulgare</i> sp. (Skalkorn).	Två
<i>Hordeum</i> sp. (Korn).	Fyra
<i>Ceralia</i> in det. (Sädeskorn ej identifierade).	Fyra
<i>Ceralia</i> (fragment av sädeskorn).	En
<i>Carex</i> spp. (Gräs)	Flertal
Cyperaceae. (Halvgräs).	Flertal olika

Diskussion

Eftersom det enbart är en bråkdel av alla frön som är identifierade så går det inte att säga något om vad som exakt har funnits men det ger ändå en liten inblick i vad som har funnits på platsen. De sädeskorn som är analyserade är medvetet utvalda i denna rapport eftersom de är ett viktigt resultat som kan ge mer information om vad de livnärde sig på. Detta gäller även tången. En större mängd av gräsfrön har påträffats i betydligt större omfattning än sädeskornen men i dags dato har inte någon större vikt lags vid dem. I de prover som har undersökts har runt ett tiotal sädeskorn påträffats. Antagligen kommer inte det att vara så många fler som kommer fram. Den tång som påträffats är också viktig för att förstå de levnadsförhållanden som rådit men det går inte att förutsätta att den används till föda utan tångens betydelse för människorna på Island måste studeras med andra samtida gårdar.

Litteratur

Gustavsson U. 1984. *Ätliga havsalger*. Göteborgs universitet.

Slutord

Jag vill tacka Ann-Marie Hansson för all den hjälp hon bistått med i undersökningen av dessa prover. Utan hennes engagemang och stora kunskap hade inte denna växtmakrofossilundersökning varit möjlig.

Annika Söderlind